

MYNDLIST

Sumarið '79
Um Septem-sýninguna á Kjarvalsstöðum

Nú hefur verið opnuð á Kjarvalsstöðum mikil sumarhátíð í listum, þar sem þrjár fylkingar listamanna sýna verk sín, en það eru Septem-hópurinn myndhöggvarafélagið og svo tólf ungar konur, sem þrykkja tau og gera margt annað eins og grafík, leirmunagerð og fleira.

Þetta heitir Sumar á Kjarvalsstöðum.

Áð þessu sinni skal þó aðeins fjallað um sýningu Septemanna, en þeir eru í vestursal, og þar eru sýndar 90 myndir. Það hefur vantað alveg klára skilgreiningu á því hvað Septem-hópurinn stendur fyrir. Þóra Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Listráðs, bætir nokkuð úr þessu, en hún segir í sýningarskrá um hópinn:

„Septem-hópurinn varð til 1974, er sjö (þaðan nafnið) myndlistarmenn tóku sig saman og efndu til sýningar í Norræna húsinu. Það hefur örulað á þeim misskilningi að þessi hópur væri nokkurskonar endurlifgun gömlu September-sýningarinnar frá 1947, en svo er ekki, þrátt fyrir það að kjarni hópsins er að nokkru sá sami. Margir af fyrri félögum eru látnir, einn fluttur úr landi og aðrir hafa bæst í hópinn. Septem-hópurinn hefur haldið árlega sýningu í Norræna húsinu frá 1974 — einn listamaður hefur bæst í hópinn og eru þeir nú 8. Auk þess hafa tveir þekktir erlendir listamenn tekið sem gestir þátt í sýningum Septem-hópsins. Yngsti hópurinn er Galleri Langbrók — tólf listakonur stofnuðu gallerið á Vita-stíg 12 í fyrrasumar. Þar er miðstöð textilþrykkjara en einnig er þar á boðstólum vefnaður, grafík, leirmunir og sérhannaður fatnaður. Allir þessir þrjár listamannahópar sýna nú, sem hópar í fyrsta skipti á Kjarvalsstöðum. Alls sýna hér nú 32 listamenn í sumari við hlið meistara Kjarvals en verk eftir hann í eigu Reykjavíkurborgar getur að líta í austursal. Ef þessi sýning mælist vel fyrir og svona tilhögun reynist forvitnileg er ætlunin að halda áfram á sömu braut og bjóða listamönnum aftur næsta sumar.

Þeir sem nú sýna eru Sigurjón Ólafsson (1908) Þorvaldur Skúlason (1906), Kristján Davíðsson (1917), Valtýr Pétursson (1919) Jóhannes Jóhannesson (1921) Guðmunda Andrésdóttir (1922) og Steinþór Sigurðsson (1933).

Upphaflega mun hafa staðið til að Karl Kvaran yrði með eins og áður en hann féll frá því vegna þess að hann hafði nýverið lokið sýningu á sama stað. Er það að sumu leyti vont en að öðru leyti gott. Myndir Karls Kvarans hafa oft látið ófríðlega á Septem-sýningum verið of hávaðasamar fyrir heildarblæinn í fremur takmörkuðum húsakynnum (Norræna Húsinu) en núna þegar búið er að bera vitnið úr bænum þar og flytja í Kjarvalsstaði þar sem nóg rými er hefðu myndir Karls fallið betur að öðru efni.

Ein besta sýningin til þessa

Ég tel ekki minnsta vafa á því að þetta er besta sýning Septem-hópsins fram til þessa

og er þá átt við sýninguna sem heild. Kannski er þetta sumpart vegna þess að áður voru húsakynnin ekki eins rúm. Það er ekki gott að sýna mikla fleka, stórar myndir í Norræna húsinu en á Kjarvalsstöðum má vel sýna stórar myndir, einkum í dagsbirtu og njóta stórmyndir þeirra Kristjáns Davíðssonar og Jóhannesar Jóhannessonar sín þar mjög vel svo dæmi sé nefnd.

Það sem mesta athygli vekur eru líklega höggmyndir eða skúlptúrar Sigurjóns Ólafssonar. Um það hefur áður verið skrifað hér í blaðinu að það fari mjög vel á að hafa höggmyndir á málverkasýningum, eða málverk á höggmyndasýningum, ef menn vilja frekar orða það svo. Þínupons Sigurjóns Ólafssonar vekja manni ávallt einhverja sérstaka gleði, þegar maður mætir augum þeirra á sýningum. Svo er einnig að þessu sinni. Maður dái ekki aðeins handbragðið heldur hrifst af formum, línun, uppátækjum og styrkleika þessara smámynda innan um skrautfjadrirnar á veggjunum.

Af málurunum eru það eink-



Septem-sýningin á Kjarvalsstöðum

um þrjár, sem boða tíðindi að þessu sinni. Valtýr Pétursson sem nú sýnir landslagsmyndir (auk annars) Jóhannes Jóhannesson sem hefur breytt til og Kristján Davíðsson sem á þarna tvær stórar myndir sem gefa hans deild og sýningunni sérstakan svip. Aðra myndina hefi ég séð áður en hina ekki. Þær varpa birtu og yl yfir þessa sýningu og eru hennar forsegl ef svo má segja.

Um Þorvald Skúlason þarf ekki að fjölyrða. Hann er þarna að vanda með góða hluti enda

líklega upp á sitt besta einmitt núna.

Hin styrka hönd stýrir djörfum línun og formun af högværd.

Einna mesta athygli hljóta myndir Valtýs Péturssonar að vekja. Nú hefur hann endanlega risið úr körinni eins og þar stendur. Malar nú landslags og figuratívt, eins og ekkert sé sjálfsagðara. Að visu er Valtýr þarna með abstraktmyndir líka og gefst því gott tækifæri til þess að bera saman gamalt og nýtt og hvernig búferlin hafa tekist.


Fær maður ekki betur séð en að myndir hans haldi lifinu gegnum þessi ferðalög.

Steinþór Sigurðsson er með stórgóðar myndir á þessari sýningu. Tækni hans er sérlega áhugaverð og litaskynið næmt. Þetta eru gullfallegar myndir og sagt í því samhengi, það er ekki endilega nauðsynlegt að gefurð og list haldist alltaf í hendur, þótt þjóðtrúin segi annað.

Sem sagt í fáum orðum. Besta Septem-sýningin til þessa.

Jónas Guðmundsson

HVELLGEIRI



DREKI



SVALARUR



KUBBUR

